

59 Reglugjörð þessi kemur í staðinn fyrir reglugjörð þá, er sýslunefnd Vestur-
13. apríl Barðastrandarsýslu samþykkti á aukafundi 16. okt. 1895.

Samþykkt á sýslufundi 13. apríl 1905.

Sig. Eggerz.

Kristófer Sturluson.

Bjarni Loptsson.

Jón Th. Johnsen.

Jón Hallgrímsson.

Þorvaldur Jakobsson.

Auglýsing

60

3. maí

um ráðstafanir til varnar gegn útbreiðslu mislinga.

Eftir tillögum landlæknis og hjeradslæknis er hjer með samkvæmt lögum 31. janúar 1896, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, skipað fyrir fyrst um sinn svo sem hjer segir:

1. Hinum almenna menntaskóla og öllum lægri skólum, bæði opinberum og þeim, er einstakir menn halda, skal lokað þegar í stað.
2. Almenn guðþjónustugjörð og allir opinberir mannfundir eru bannaðir.
3. Enginn, sem eigi hefir áður fengið mislinga, má fara nokkuð burtu úr Reykjavík eða af Seltjarnarnesi, hvorki á sjó nje landi.
4. Sje brotið á móti þessum fyrirskipunum, varðar það sektum eða fangelsi. Nánari auglýsing um sóttkvíun kemur á morgun.

Í stjórnarráði Íslands, 3. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

61

4. maí

Auglýsing.

Með því að mislingasótt er komin upp hjer í bænum, eru hjer með eftir tillögu landlæknis og hjeradslæknis, í sambandi við auglýsingu stjórnarráðsins dags. í gær, og samkvæmt lögum 31. janúar 1896, fyrirskipaðar fyrst um sinn þessar sóttvarnarráðsstafanir.

A. *Fyrirskipanir, sem miða til þess að hepta útbreiðslu veikinnar innan bæjar.*

1. Öllum barnaskólum, og unglingskólum, stórum og smáum er lokað.
2. Messur, almennir mannfundir, og hverskonar fjölmennar samkomur eru bannaðar.
3. Það er skylda hvers húsráðanda að leita læknis tafarlaust, ef minnstu líkur eru til þess, að mislingar sjeu komnir á heimilið.
4. Það er skylda lækna í bænum að gera hjeradslækni tafarlaust advart, ef þeir verða varir við sóttina.

5. Það er skylda þeirra, er mislingasótt kunna að fá, og þeirra, er að þeim standa, að haga sjer eptir sóttvarnarfyrirmælum hjeraðslæknis, og hlíta þeim ráðstöfunum, sem hann gjörir. **61** 4. maí

B. Fyrirskipanir því til varnar, að veikin berist út úr bænum.

Reykjavík og Seltjarnarnes að Fossvogi og Elliðaám skal afkvía á þann hátt, er hjer segir:

1. Öllum er frjálst að fara inn á hið afkvíaða svæði, en út fyrir það má enginn fara, nema hann hafi skriflegt leyfi hjeraðslæknis, eða þess manns, er settur verður til þess að gefa út mislingaskirteini.
2. Slikt skirteini verður veitt hverjum þeim, sem ekki hefir mislingasótt, og færir sönnur á, eða fullar líkur fyrir því, að hann hafi haft mislinga.
3. Við Elliðaár og í Fossvogi eru settir verdir, og er þeim fyrirskipað að hleypa engum út af hinu sóttkviáða svæði, sem ekki hefir mislingaskirteini.
4. Það er bannað at flytja nokkurn mann sjóveg af hinu afkvíaða svæði í önnur byggðarlög, nema þá eina, semt sýnt geta mislingaskirteini.
5. Það skal itrekað, að mislingaskirteini er því að eins gilt, að það sje útgefið af hjeraðslækni eða þeim manni, er honnum verður settur til aðstoðar.

Brot gegn þessum fyrirskipunum varða sektum eða fangelsi samkv. 14. gr. laga 31. jan. 1896, eða betrunarhúsvinnu samkv. 293. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869.

Í stjórnarráð Íslands, 4. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

Aths. Aðstoðarmaður hjeraðslæknis, sá er getur um að framan, er lækna skólalærisveinn Sigurmundur Sigurðsson. Mislingaskirteini eru afgreidd í Melstedshúsi (við Lækjartorg) frá kl. 8 árdegis til kl. 8 síðdegis hvern virkan dag.

Auglýsing,

er fellir úr gildi auglýsingu frá stjórnarráði Íslands 3. maí 1905 um ráðstafanir til varnar gegn útbreiðslu mislinga, og að nokkru leyti auglýsing stjórnarráðsins um sama efni frá 4. s. m.

62

2. júní

Auglýsing frá stjórnarráði Íslands 3. f. m. um ráðstafanir til varnar gegn útbreiðslu mislinga er felld úr gildi.

Sömuleiðis er felld úr gildi auglýsing stjórnarráðsins um sama efni frá